

Ed.

654. Frumvarp

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%. Einnig greiði leyfishafi frá byrjun 50 auru af hverri smálest af salti er fyrirtæki hans framleiðir.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.